

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 97/2008, um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðisnefnd.

1. gr.

Síðari málsliður 13. gr. laganna, sbr. lög nr. 120/2008, orðast svo: Þó skal ákvæði 10. gr., hvað varðar smásöluaðila, taka gildi 1. apríl 2009.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Með frumvarpinu er lagt til að frestað verði að hluta gildistöku 10. gr. laga nr. 97/2008, um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum, til 1. apríl 2009 og þá eingöngu hvað varðar smásölu lyfja. Þessum hluta ákvæðisins var frestað til 1. janúar 2009 með lögum nr. 120/2008, um breytingu á lögum nr. 97/2008, um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum, því að gert var ráð fyrir að nýtt greiðsluþáttökukerfi lyfja kæmi til framkvæmda á þeim tíma. Þær breytingar munu frestast og þar sem mikilvægt er að afslættir af lyfjum í smásölu haldist í hendur við nýtt greiðsluþáttökukerfi lyfja er lagt til að ákvæðið taki ekki gildi fyrir en 1. apríl 2009, en þá er gert ráð fyrir að nýtt greiðsluþáttökukerfi taki gildi.